

FUNDARBOÐ

FRÆÐSLUFUNDUR 5. MARS KL.20:00

Næsti fræðslufundur verður þann 5. mars og er haldinn með Stómasamtökunum. Fyrirlesari verður Svandís Antonsdóttir Michaelsen og ætlar hún að vera á persónulegu nótunum. Hún er búin að vera með colitis og tók þátt í Ironman á síðasta ári, aðeins 5 mánuðum eftir að hún fékk stóma.

Fundarstaður er Skógarhlíð 8, 1 hæð til hægri og hefst fundurinn kl. 20:00. Kaffi verður á könnunni og eitthvað gómsætt með.

FRÉTTIR

FRÁ AÐALFUNDI

Aðalfundur samtakanna var haldinn þann 27. janúar síðastliðinn. Mæting var frekar dræm og greinilegt er að þessi fundur er ekki í upphaldi hjá félagsmönnum, en engu að síður nauðsynlegur. Formaður flutti skýrslu stjórnar um starfsemi síðasta árs, gjaldkeri lagði fram skoðaða reikninga og þetta tvennt var samþykkt einróma. Tillaga stjórnar um starfsemi næsta árs var í meginatriðum að halda áfram svipuðu fundastarfi og áður, byrja að skoða nýja útgáfu á myndasögu bæklingum um sjúkdómana og halda upp á 20 ára afmæli félagsins í haust. Einnig eigum við að sjá um norðurlandafund sem er haldinn í samfloti við aðalfund Efcca.

Kosið var í stjórn og hefur hún haldið sinn fyrsta stjórnarfund og skipt eftirfarandi með sér verkum:

Formaður: *Edda Svavarsdóttir*

Gjaldkeri: *Hrönn Petersen*

Ritari: *Sigurborg Sturludóttir*

Meðstjórnendur: *Anita Rübberdt og Herdís E. Hermundardóttir*

Varamenn: *Björn Hermannsson og Hrefna B. Jóhannsdóttir*

Vefstjóri: *Herdís E. Hermundardóttir*

Skoðunarmenn reikn: *Emil B. Hallgrímsson og Lilja G. Kjartansdóttir*

Engar fyrirspurnir eða tillögur höfðu borist stjórninni fyrir fundinn. Lagt var til að félagsgjöld yrðu óbreytt áfram, kr. 2000 og var það samþykkt. Eftir aðalfundinn kynnti Jóna Björk Viðarsdóttir fyrir okkur niðurstöður úr MS ritgerð sinni um mataræði og næringarástand IBD einstaklinga. Glærurnar hennar má skoða inn á heimasíðunni undir "fræðsla" og einnig er skýrsla stjórnar kominn inn á flípan "um samtökin".

MUNIÐ

UPPLÝSINGAR



Viljum minna á fésbókarsíðuna:

Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin

endilega smellið einu "læki" á hana og fylgist með. Einnig eru það lokuðu hóparnir, umræðuhópurinn, foreldrahópurinn og landsbyggðin. Ef þið viljið vera með, sendið okkur póst á ccu@ccu.is.

Einnig viljum við minna á að láta okkur vita um breytt heimilisföng og email til að fréttabréf og tilkynningar rati rétta leið.

TILKYNNING

AFMÆLISHÁTÍÐ CCU

Á þessu ári, þann 26. október verða 20 ár síðan CCU samtökin voru stofnuð. Af því tilefni ætlum við að bjóða til afmælisveislu og örráðstefnu þann 5.nóvember á Grand Hótel milli kl. 17 og 19. Einnig ætlum við að gefa út afmælisrit og verður það sent til allra félagsmanna í byrjun október.

REYKJAVÍKURMARAÐON

GANGA, SKOKKA, HLAUÐA

Næsta reykjavíkumaraðon fer fram laugardaginn 22. ágúst og stjórnin er búin að senda inn skráningu fyrir CCU á góðgerðarlistann eins og síðustu tvö árin. Í tilefni af afmælisárinu ætlum við að gefa þeim sem ætla að taka þátt fyrir samtökin, stuttermabol. Þeir þurfa bara að senda email á ccu@ccu.is og gefa upp stærð. Afhending bola verður ákveðin síðar.

ÚTGÁFA

NÝTT EFCCA BLAÐ

Fyrsta tölublað af Efcca tímaritinu árið 2015 er komið út. Linkar eru bæði á fésbókar- og heimasíðunni.

SPAKMÆLI MÁNAÐARINS

Ung lærum við - Gömul skiljum við.

Marie Ebner-Eschenback